

Kennsluáætlun skólaárið 2019-2020

Stærðfræði í 3. bekk

Í stærðfræði eru 5 kennslustundir á viku í 3. bekk. Kennari er Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen.

Vinnulag

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur vinna ýmist í nemendabókum, ýmis aukaverkefni, vinna í Ipad og tölvum, PALS og fást við hlutbundna vinnu með áþreifanlegum hjálpartækjum s.s. smáhlutasöfnum, kubbum, formum o.fl. Áhersla er lögð á að koma til móts við alla nemendur með því að einfalda verkefni annars vegar og hins vegar að gera þau meira krefjandi fyrir þá sem það þurfa. Nemendur skila heimanámi samkvæmt áætlun.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: upplýsingar og tölfraði, þriggja stafa tölur, mælingar, tími, rúmfræði, margföldun, deiling, samhverfa og horn. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: kaup og sala, talnaveiðar, samlagning og frádráttur, rúmfræði, almenn brot, margföldun, reikningur og rúðunet.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tölur	Sproti 3a og 3b PALS Osmo	Nemandi getur ... • lesið, skrifað og raðað tölum upp í 1000. • leyst einföld deilingardæmi. • námundað tölur að næsta tug eða hundraði. • leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa tölum. • lært um almenn brot sem hluta af heild. • skipt þriggja stafa tölu upp eftir sætum í hundruð, tugi og einingar.	Kaflapróf Tímaverkefni

		• leyst einföld margföldunardæmi. • staðsett tveggja og þriggja stafa tölu á talnalínu.	
Rúmfræði	Sproti 3a og 3b Osmo	Nemandi getur ... • flokkað algengustu tvívíðu og þrívíðu formin. • staðsett hlut eða mynd í rúðuneti og lýsa hliðrun í rúðunetinu. • þekkt rétt, hvöss og gleið horn. • þekkt og notað speglun og samhverfu.	Kaflapróf Tímaverkefni
Mælingar	Sproti 3a og 3b	Nemandi getur ... • áætlað og mælt lengdir, þyngd, flatarmál og rúmmál. • breytt sentimetrum í metra - og öfugt. • lesið á klukku, skráð tímasetningar á hefðbundinn og stafrænan hátt. • þekkt íslenskar myntir upp að 1000 og geti notað þær við kaup og sölu.	Kaflapróf Tímaverkefni
Tölfræði	Sproti 3a	Nemandi getur ... • safnað saman og flokkað einföld gögn í hentuga flokka og talið fjöldann í hverjum flokki. • sett upplýsingar fram í töflu, sýnt niðurstöður í súluriti og lesið úr einföldum súluritum.	Kaflapróf Tímaverkefni

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi, Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen